



Ljómmynd/Small Axe Fílmur / BBC

Sögur McQueen leikstjórnir Small Axe.

Verðlaun fyrir mikilvægar sögur

Evrópska kvikmyndaakademían hefur tilkynnt að við afhendingu Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í desember næstkomandi muni breski leikstjórnir og myndlistarmadurinn Steve McQueen fá fyrir kvikmyndaröðina *Small Axe* sérstök verðlaun sem tekið var að veita í fyrra fyrir frumlega og mikilvæga sagnamennsku í kvikmyndum. Með verðlaununum er ætlunin að hylla nýja nálgun sem fær áhorfendur til að horfa á og upplifa eitthvað sem þeir hafa ekki þekkt eða séð áður. Í *Small Axe* ríðandi segir McQueen sögur sem byggjast á raunverulegum atburðum, kynþáttanði og orðveldi sem innflytjendur frá Vestur-Índíum upplífu í London. Myndirnar voru allar sýndar í Ríkissjónvarpinu.

Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða



Hermann Stefánsson

„Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða 2021“ er yfirskrift málþings á Ísafirði um bókmennta- og menningar-sögu Vestfjarða, sem verður í Safnahúsinu á Ísafirði á mörgun, laugardag, kl. 10 til 17. Í fjölbreytilegum erindum verður meðal annars fjallað um tónlist, bókmenntir og spíritisma. Eirindin flytja Elfríkar Örn Norðdahl, Þröstur Helgason, Hermann Stefánsson, Ingunn Ósk Sturhólfóttir og loka Ární Heimir Ingólfsson og Johnny Lindholm í samnefningu.

Ys, þys og myndlist

● Listkaupstefnan Torg listamessa 2021 verður opnuð í kvöld ● Fjölbreytt verk yfir sjötíu listamanna til sýnis og sölu á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidur@rmb.is

„Þarna verður hægt að uppgötva mjög mikið af frábærri list. Eg held að allir séu spenntir að sýna list sína, sérstaklega núna eftir Covid.“ segir Annabelle von Girsowald, sýningarstjóri listkaupstefnunnar Torgs listamessa 2021, sem fram fer dagana 22.–31. október á Hlöðuloftinu á Korpúlfsstöðum. Torg er stærsti sýningar- og söluvettvangur íslenskrar myndlistar til þessa, þar sem sjá má á einum stað fjölbreytt og listaverk.

Opnun Torgs stendur frá kl. 18 til 20 í kvöld, föstudaginn 22. október. Eftir það verður opið á Korpúlfsstöðum helgina 23.–24. október kl. 12–18, langan fimmtudag 28. október kl. 17–22, föstudaginn 29. október kl. 18–20 og loka helgina 30.–31. október kl. 12–18.

Í tilkynningu frá Sambandi íslenskrar myndlistarmanna, SÍM, segir að listaverkin og listamennirnir séu í aðalhlutverki á messunni, listamennirnir sýni verk sín á eigin forsendum ýmist einir eða fleiri um hvern sýningarbás. Gestir og viðskiptavinir geti rætt við listamennina, frúðst um verk þeirra og stærð, spjallað um sköpunarkraftina, lífið og listina.

Að treysta innsæmi

„Ég skrifaði öllum listamönnum í september og það hljómar kannski klásjalega, það þá að hugsa um náttúruna, um hvað við getum lært af náttúrunni. Eg hef verið að kynna mér skrif fröðsmannsins Michael Marter um plöntulíf, til dæmis það hvernig plöntur vita vissa hluti, eins og að þær eigi að vaca í átt að sólinni. Það er þetta innsæi, þessi aðsláslaga vitneskja. Og ég held stundum að sköpunarkrafturinn komi frá þessum stað, því að treysta innsæmi. Þetta er eitthvað sem ég hef verið að hugsa um og ég þá listamennina líka að treysta þessa.“ segir von Girsowald.

„Ég þá líka að veita fyrir sér



Margrét Ásdóttir Eggert

Listkaupstefna Sýningarstjóri Torgsins listamessa, Annabelle von Girsowald, sem er hér með Ásgerði Júlíussdóttur verkefnisstjóra SÍM, segir gesti mega hlusta við fjölbreyttum verkum ólíkra listamanna.

hvað gerði list þeirra sérstaklega íslenska. Hvað gerir hana ótrúlega.

Fólk er auðvitað allt nú þegar komið á fyllt á stínu sviði en þetta var eitthvað sem ég var að veita fyrir mér og það þá að hafa í huga.“

Alls taka yfir sjötíu listamenn þátt í listkaupstefnunni í ár, þar á meðal þrettán erlendir listamenn á vegum verkefnisins SÍM residency auk um sexíu listamanna sem eru meðlimir í SÍM og aðildarfélögum.

Sýningarstjórnin segir gesti Torgsins mega hlusta við alla konar ólíkum verkum, allt frá skúlptúrum til vatnslátamynda, frá málverjum til innsetningu. Hún nefnir líka að listamennirnir sem taka þátt séu með mjög ólíkan bakgrunn, sumir séu afar reyndir í sínu fagi en aðrir séu að gera þetta á fyrsta sinn. „Það verður þarna margt ungt hæfileika-
sök.“

Torg listamessa er einstætt framtak og fyrsta sinnar tegundar hér á landi en listkaupstefnan var fyrst haldin árið 2019 og er nú haldin í annað sinn. „Tilgangurinn er fjölbreyttur, að sýna ólíka myndlistarmenn og gera fólk aðvöldara fyrir að kynna sér samtímalist sem og að eignast listaverk eftir íslenska eða erlenda listamenn sem starfa hér á landi. Ætlunin er að veita áhugafólki um myndlist tækifæri til að fjárfesta í myndlist milliþálaust og eiga um leið persónulegt samtal við listamennina sjálfa.“ segir í tilkynningu.

Eitthvað fyrir alla

„Við viljum skapa vettvang þar sem listamennirnir geta myndað tengsl sín á milli og selt list sína. SÍM getur með þessu verið milliþálaust og hjálpað til við að tryggja að

listamennirnir fái borgað fyrir störf sín.“ segir von Girsowald. Söluverð verka rennur að fullu til listamanna, því messan þiggur engu þóknun fyrir sína þjónustu og engir milliþálaust taka umboðslau.

„Þetta er opið öllum, allir geta komið, það er líka svo fallegt hjarna á Korpúlfsstöðum.“ segir von Girsowald að lokum og Ásgerður Júlíussdóttir, verkefnastjóri hjá SÍM, sem er þarna stödd líka, skýtur inn í að allir geta komið og gæta fundið eitthvað við sitt hæfi, það sé guman fyrir alla að heimsækja Torgið, eldið einungis þá fullorðna.

Torgið er hluti af Mánuði myndlistar, verkefni sem stendur yfir í október, þar sem markmiðið er að kynna starf myndlistarmanna fyrir almenningi, gera fagð aðgengilegra öllum ásamt því að sýna umræðu um myndlist og myndlistarmenn.